

Seðlabankasöfn í litlu samfélagi

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri

Rétt er að nefna það í upphafi þessa máls að hér verður ekki aðeins fjallað um seðlabankasöfn í litlu samfélagi, heldur og í ungum banka. Seðlabanki Íslands er einungis 43 ára gamall. Samt sem áður heldur bankinn uppi safnarekstri sem hefur vakið nokkra athygli heima fyrir hvernig sem hann verður metinn í fjölþjóðlegum samanburði.

Söfn Seðlabankans eru þrjú, skjalasafn, bókasafn og myntsafn. Þeim er að nokkru leyti komið fyrir í aðalbyggingu bankans í miðbæ Reykjavíkur, en að öðru leyti í sérstakri byggingu í öðrum bæjarhluta sem er að langmestu leyti lögð undir söfn bankans. Í skipuriti bankans hafa þessi þrjú söfn til skamms tíma verið felld í eina heild undir sameiginlegri forstöðu, en þeirri skipan hefur nú verið breytt eins og komið verður að.

Saga íslenskrar bankastarfsemi nær aðeins yfir tæplega 120 ár. Fyrsti viðskiptabanki í landi okkar, Landsbanki Íslands, var stofnaður árið 1886 meðan landið var enn hluti af ríki Danakonungs, en hafði þá litlu fyrr fengið eigin fjármálastjórn. Á síðara hluta 19. aldar og fyrra hluta hinnar síðustu náðu Íslendingar einum áfanga af öðrum í átt til fulls sjálfstæðis uns lýðveldi var stofnað á Íslandi 1944, fyrir réttum 60 árum. Það gerðist með friðsamlegri og virðulegri hætti en einatt hefur orðið með öðrum þjóðum. Þá voru Íslendingar um 130 þúsund, en eru nú fast að 300 þúsund (á við úthverfi í stórborg!).

Á þessu skeiði urðu smám saman til undirstöðustofnanir nútímalegs samfélags í landi okkar. Þegar efnt var til innlendrar seðlabankastarfsemi á þriðja áratug liðinnar aldar var Landsbanka Íslands falið að sinna henni jafnframt því sem hann var þá stærsti viðskiptabanki landsins. Árið 1961 var Seðlabanki Íslands hins vegar gerður að sjálfstæðri stofnun.

Á þeim tímamótum var Seðlabankanum falið að taka við skjalagögnum hins eldri banka. Þannig kemur það til að skjalasafn Seðlabankans geymir nú í raun þrisvar sinnum lengri sögu en nemur aldri bankans sjálfs. Það er í samræmi við þessa staðreynd að löngum hefur annar safnarekstur bankans einnig verið nokkru umfangsmeiri en nemur þrengstu þörf hans sjálfs.

Skjalasafn Seðlabankans geymir ekki einungis 120 ára bankasögu; í því eru einnig gögn ýmissa opinberra sjóða sem bankinn hefur vistað eða verið í forustu fyrir á starfstíma sínum – ásamt skjölum banka-
eftirlits sem heyrði lengi undir Seðlabankann, en gerir það ekki lengur.

Enn má nefna að í skjalasafni bankans eru einkagögn fáeinna þekktra bankamanna á Íslandi. Sumt af því efni er eign annarra stofnana sem bankinn hefur tekið að sér að búa um, skrá og veita fræðimönnum aðgang að. Meðal þessa efnis eru nokkur þeirra gagna sem hvað mest eru notuð af gestum skjalasafnsins.

Pappírsskjöl í safni bankans nema nú um 2300 hillumetrum. Eins og annars staðar dregur það úr vexti þeirra að skjalahald færist æ meira í rafrænt form og er stundum orðið vafamál hvorir hafa meira um skjalasýsluna að segja, skjalaverðir eða tölvufræðingar.

Það er áhersluatriði í skjalastjórn í bankanum að unnt sé að fylgjast með hverju máli allt frá þeirri stundu er það kemur upp, ganga inn í það og fylgjast með því, þar til meðferð þess lýkur og gögnum þess er komið fyrir til varðveislu. Þetta er krafa íslenskra laga. Til þess að hlíta henni notar bankinn rafrænt skjalakerfi og miðlæga skjala-
meðferð. Með því er við það átt að í skjalastöð bankans er póstur opnaður og skráður í kerfið, og þar eru settar reglur um það með hverjum hætti starfsmenn skrá þau skjöl sem verða til í bankanum.

Hlutverk skjalastöðvar er fjórþætt, í fyrsta lagi að vinna að nýsköpun og fylgjast með nýjum aðferðum og móta reglur í skjalahaldi, í öðru lagi að hafa eftirlit með umgengni um skjalakerfi bankans, í þriðja lagi að halda uppi leiðbeiningarstarfi með námskeiðum og gerð notenda-
handbókar og í fjórða lagi að annast varðveislu pappírsskjala bankans.

Skjalasafn bankans lætur sig ekki einungis varða geymslu skjala og aðgengi að þeim. Það leggur líka rækt við frágang og snið skjala svo að gögn bankans hafi virðulegt, samfellt og gott yfirbragð. Mannleg samskipti eru háð tiltekinni stílfestu, hvort sem um er að ræða daglega umgengni, búnað okkar sjálfra eða gerð þess sem við látum frá okkur fara. Meðal hins síðastnefnda eru skjöl. Frágangur skjala varðar beinlínis hagsmuni stofnunar. Það ætti ekki að vanmeta það hlutverk skjalasafns að móta góða áferð skjala, samræmt leturval, leturstærð, textabreidd og annað það sem hefur áhrif á læsileika skjala. Það hefur verið meðal verkefna skjalasafns í Seðlabankanum að gera handbók um þetta efni, setja upp sniðmát og fylgja notkun þeirra eftir.

Enda þótt eiginleg skjöl verði jafnan grundvöllur þess sem mestu skiptir í sögu stofnunar rennur það æ betur upp fyrir mönnum að hún verður ekki öll varðveitt í texta og tölum. Ljósmyndin er fyrir löngu orðin svo fyrirferðarmikil heimild að óhjákvæmilegt er að henni sé sinnt til jafns við textagögn. Þess vegna hefur nýlega verið skerpt á skilgreindu hlutverki skjalasafnsins við söfnun og varðveislu mynd-
rænna gagna. Í því samhengi hefur verið sett upp skráningarkerfi þar sem unnt er að geyma ljósmyndir í stafrænu formi. Svipuðu máli gegnir að sjálfsögðu um myndbönd og hljóðupptökur úr sögu bankans. Jafnframt er nú í umræðu og undirbúningi átak til að fá valda

starfsmenn bankans, einkum úr hópi hinna eldri og eftirlaunaþega, til að festa á hljóðrit minningar tengdar starfi þeirra í bankanum.

Skjalasýsla bankans hlítir forsjá opinberrar skjalavörslustofnunar ríkisins, Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafn lítur svo á að skjöl í umsjá Seðlabankans séu vel varðveitt og sækist ekki sérstaklega eftir að taka við þeim til geymslu.

Um notendapjónustu í skjalasafni Seðlabankans verða ekki settar einhlítar reglur, en þar markast framkvæmd meðal annars af ákvæðum gildandi upplýsingalaga og svo þeim trúnaði sem af slíkri stofnun er krafist. Það er jafnan nokkur vandi að meta erindi gests og það hversu líklegur hann sé til að virða þá kosti sem honum eru settir um notkun og meðferð viðkvæmra heimilda. Í safni okkar hefur ekki enn verið gripið til þeirra skilyrða að verk unnin þar megi lesa áður en þau eru birt – eins og sums staðar eru dæmi um.

Í rúmlega fjörutíu ára sögu Seðlabankans hefur skjalasýsla verið tengd bókasafnsþjónustu í skipuriti. Forsendur þess hafa verið þær að lengst af var í báðum tilvikum um að ræða pappírsgögn. Skráning efnis á bókasafnsvísu er á margan hátt auðveldari og aðgengilegri en skjalaskráning ef formseinkenni efnisins leyfa (höfundur, titill, titilsíða). Því hefur verið tilhneiging til þess að skrá ýmislegt í bókasafn sem annars staðar væri haft meðal eiginlegra skjala. Þessar forsendur hafa breyst við það að þáttur pappírsskjala hefur skroppið saman, en þáttur rafrænna skjala hefur aukist að sama skapi. Hið sérstaka skipulag sem fylgir rafrænu skjalakerfi veldur því öðru fremur að skjalasafn hefur nú verið losað frá öðrum söfnum bankans og sett undir rekstrarsvið.

Bókasafn bankans er önnur heimildakista. Það hefur sennilega þá sérstöðu meðal bókasafna í seðlabönkum að því var snemma sett tvíþætt hlutverk. Annað þessara hlutverka er að afla gagna vegna daglegra starfa í bankanum, bæði prentaðra bóka og tímarita og gagna í rafrænu formi. Við ritaval í þessa þágu eru sérfræðingar bankans hafðir til ráðuneytis. Hitt hlutverkið er að vera varðveislusafn bóklegra heimilda um íslenskt efnahags- og atvinnulíf, samfélagsmálefni, sögu og landgæði. Bókasafn Seðlabankans býr nú yfir fjölbreyttum og verðmætum bókakosti um þessi efni. Með varðveislusafni er átt við að þannig sé búið um safnefni að því sé tryggð varanleg geymd í hendur nýrra kynslóða. Það gerist annars vegar með því að færa efnið í hæfilegar umbúðir og hins vegar með því að hlífa efninu við þeirri áníðslu sem gæti stefnt varðveislunni í hættu.

Einhver kann að spyrja hvort hér sé ekki verið að lýsa hlutverki þjóðbókasafns. Það er eitt meginhlutverk þess að þaulsafna tilteknu efni og tryggja varðveislunni þess. Það er mikið verkefni og flókið og jafnan tvísýnt um fullan árangur. Meginstoð þjóðbókasafna í þessu verkefni eru svokölluð skilaskyldulög sem sett hafa verið í flestum löndum og eiga að auðvelda fulla heimtu efnis úr innlendum prentsmiðjum. Slík löggjöf var tiltölulega auðveld í framkvæmd meðan leiðir til þess að fjölfalda bókaefni voru bundnar við prentsmiðjur og opinberar fjölritunarstofur. Á síðustu áratugum hafa orðið gagngerðar breytingar á fjölföldun fræðaefnis þar sem margvísleg prenttæki eru

nú inni á gaflí í mörgum þeirra stofnana sem við slíkt fást. Að verulegu leyti er þess konar efni dreift sem skiptiritum eða kynningarritum milli skyldra stofnana. Þarna verður söfnunarhlutverk þjóðbókasafns afar erfitt. Það er orðið flóknara verkefni en áður að draga nótt um efnið. Sérfræðisöfn geta gegnt hér vaxandi hlutverki í söfnun og varðveislu þjóðbókakostsins. Bókasafn Seðlabankans er eitt þeirra. Að sjálfsgöðu búa góð stofnanasöfn að ýmsu efni sem þjóðbókasafnið nær ekki til. Hér er hugsað til stofnana sem fást við samfélagið sjálft og atvinnuvegi þess, innlendar auðlindir og menningarerfð. Allt eru þetta stofnanir þar sem mikið af sérhæfðu efni verður til eða berst að, efni sem heyrir til innlendum þjóðbókakosti, en sleppur að meira eða minna leyti hjá möskvum skylduskila.

Þetta er hugsunin að baki þess varðveisluhlutverks sem bókasafni Seðlabankans er ætlað að sinna – ásamt því að búið hefur verið einstaklega vel um efni safnsins. Það var jafnframt í ljósi þessa sem stofnað var fyrir réttum áratug til sérstaks samnings milli Seðlabanka Íslands og þjóðbókasafnsins um varðveisludeildina í bókasafni bankans, að á hana skyldi litið sem hluta af íslenskum þjóðbókakosti með sérstöku aðgengi þjóðbókasafnsins er gæti litið á þennan ritakost sem varasjóð sinn.

Þetta er viðleitni til að treysta með nýjum hætti varðveislu heimilda. Það er til marks um hversu bókasafn bankans tekur þessa tilraun alvarlega að sérstakur bókbindari hefur lengi starfað í safninu við margvíslegan frágang safnefnisins. Þessi umbúnaður í stofnunarsafni hefur vakið athygli og haft ýmsar góðar afleiðingar. Vegna þessa er áreiðanlega meira um það en annars væri að þeir, sem þurfa að losa sig við gott safnefni, vilji einmitt vita af því í safni bankans. Þannig hefur safninu áskotnast ýmislegt efni, jafnvel heilir efnisflokkar.

Eitt stærsta og merkasta sérsafn í bókasafni Seðlabankans er safn íslenskra dagblaða og pólitískra málgagna. Það er ekki einungis mikið að vöxtum, heldur betur um það búið en nokkurt annað safn þessa efnis, enda eru blöð meðal þess sem hefur orðið fyrir hvað mestri ániðslu í opinberum söfnum.

Annað merkilegt sérsafn er safn erlendra Íslandsrita, en stofn þess er einkabókasafn sem bankinn eignaðist fyrir nokkrum áratugum og hefur haldið við.

Bókasafn Seðlabankans hefur eignast mjög gott safn gamalla landakorta, sem er um þessar mundir ámóta mikið að vöxtum og kortaeign þjóðbókasafnsins. Kort í eigu bankans hafa oft verið á sérsýningum og stundum verið uppistaða þeirra. Þjóðbókasafnið hefur sett upp fallegan vef um Íslandskort með fróðleik um sögu þeirra og samhengi og stafrænum myndum af öllum eintökum safnsins af gömlum kortum. Það er einn þáttur í samvinnu þessara safna að samkvæmt ósk þjóðbókasafnsins hafa kort bankans verið sett inn á kortavefinn til að fullkomna hann (www.bok.hi.is/kort).

Það er ekki fastur ásetningur Seðlabankans að varðveita sjálfur til langrar frambúðar efni allra þessara sérsafna. Þannig hefur nú verið

tekin ákvörðun um að flytja tiltekið efni í Þjóðbókasafnið og gera það að sérsafni þar.

Bókasafn Seðlabankans er umfram allt stofnunarsafn og þjónustugeta þess við það miðuð, enda þótt reynt sé að sinna jafnframt öllum réttmætum erindum gesta utan bankans. Það auðveldar notkun safnsins að það er skráð ásamt Þjóðbókasafninu og fjölda annarra bókasafna í eina rafræna samskrá, Gegni. Skráin er aðgengileg á netinu (www.gegnir.is). Þetta vekur athygli á safninu, og með þessu er fræðimönnum greidd leið að því efni sem safn okkar hefur að bjóða umfram önnur söfn. Bókasafn Seðlabankans leggur nú til um 24 þúsund færslur í nefnda samskrá. Fáein lítil lesherbergi ásamt óskiptum lesrýmum standa til boða gestum safnsins sem eru einkum háskólafélk. Í safninu hefur verið unnið að nokkrum veigamiklum sagnfræðiritum sem höfundar hafa fengið aðstöðu til að sinna þar.

Aðgengi að varðveisluhluta safnsins er við það miðað að efninu sé ekki meiri hættu búin en talið yrði viðunandi í Þjóðbókasafni. Þar er vert að nefna tvo áhættuþætti sérstaklega, annars vegar álag á hið verðmæta dagblaðsafn og hins vegar ásókn í ljósritun, t.d. úr viðhafnareintökum safnsins. Safn af okkar tagi þarf að varast að bjóða almennum gestum ljósritun á vægari kjörum en gerist í opnari söfnum. Slíkt má ekki verða til þess að stýra aðsókn að bókasafni. Við höfum því sett þá reglu að fari beiðni um ljósrit fram úr sex blöðum komi fyrir sama greiðsla og í Þjóðbókasafninu.

Langdýrasti þáttur í rekstri bókasafnsins er áskriftargjöld, en til þeirra fara nú um fjórir fimmtu hlutar ritakaupafjár. Meira en áður er nú varið til kaupa á rafrænum gagnaaðgangi sem fæst bæði með þátttöku í landskerfi og með sjálfstæðum kaupum. Slíkur aðgangur er í vaxandi mæli nýttur í tölvum starfsmanna sjálfra, en ekki í miðlægu safni.

Hér hefur verið dvalið við skjalasýslu og bókakost. Skjalastjórn annars vegar og bókaþjónusta til daglegra þarfa hins vegar eru kjarnaverkefni í safnarekstri Seðlabanka Íslands. Utan þessa kjarna er svo varðveisludeild bókasafnsins og sérsöfn og ennfremur þriðja safneiningin sem er myntsafn.

Seðlabankinn tók snemma upp samvinnu við Þjóðminjasafnið um að koma upp myntsafni með áherslu á sögu íslensks verðmiðils og gjaldmiðil helstu viðskiptalanda. Þessari samvinnu er þannig háttað að Þjóðminjasafnið hefur ráðstafað nálega öllu myntfræðilegu efni sínu til sameiginlegs sérsafns, en Seðlabankinn rekur þetta safn í nafni beggja stofnananna og kostar öll aðföng til þess.

Um nærfellt tuttugu ára skeið hefur myntsafnið haft opinn fyrir almenning um 125 m² sýningarsal þar sem gerð er grein fyrir sögu innlands gjaldmiðils og ýmsu myntfræðilegu efni öðru. Sýningin hefur goldið þess annars vegar hve myntfræði er þröngt efni og skírskotar því til fárra og hins vegar þess að safnahús bankans er ekki sem best staðsett fyrir slíka sýningu. Þess vegna eru nú uppi áform um að efna til annars konar sýningarhalds sem væri tileinkað gangverki efnahagslífsins í víðara samhengi og jafnvel viðfangsefnum líðandi stundar í

efnahags- og peningamálum. Þar yrði gjaldmiðilssýning aðeins hluti stærri heildar. Að því er stefnt að slíkt sýningarhald geti orðið í aðalbyggingu bankans.

Myntfræði er grein sem hefur af eðlilegum ástæðum ekki verið sinnt mjög í íslensku samfélagi. Myntsafnið hefur gefið út fáein rit um myntfræðileg efni, meðal annars yfirlitsrit um opinberan gjaldmiðil á Íslandi.

Með sama hætti og bókasafn bankans hefur verið skráð í rafræna samskrá er nú unnið að því að skrá myntsafnið í hliðstæða skrá er nefnist Sarpur (www.sarpur.is) og tekur til efnis allra minjasafna á Íslandi. Við gerð hennar er Þjóðminjasafn svipaður frumkvöðull og Þjóðbókasafnið við gerð bókaskrárinnar. Þátttaka okkar í þessu verkefni er því eðlilegri sem Þjóðminjasafn er annar eignaraðili myntsafnsins.

Það má vera ljóst af því sem hér hefur verið sagt að safnastarfsemi Seðlabanka Íslands er nokkru umfangsmeiri en nemur hagnýtum þörfum bankans sjálfs. Hér er horft til stærra safnasamfélags og þess hlutverks sem slík starfsemi gegnir í þjóðlífinu. Það er jafnframt ljóst af framansögðu að Seðlabankinn gerir sér far um að vinna í nánum tengslum við opinber höfuðsöfn, þjóðskjalasafn, þjóðbókasafn og þjóðminjasafn. Það er grunnþáttur í safnarekstri bankans að rækja þessi tengsl, því að við teljum að það sé sérlega mikilvægt í litlu samfélagi. Við reynum að gæta þess að stunda enga samkeppni við opinber söfn, en verða að því liði sem unnt er innan eðlilegs starfsramma bankans. Réttilega má telja að með þessari stefnu hafi Seðlabanka Íslands tekist að hlúa að menningarminjum sem annars væru vart í opinberri eigu.